

Dalabyggð  
Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar  
Miðbraut 11  
370 Búðardal

Reykjavík, 12. mars 2021

**Efni: Áskorun íbúa Dalabyggðar vegna breytinga á reglugerð.**

Vísað er til bréfs þíns dags. 1. mars sl. Þar kemur fram að íbúar Dalabyggðar hafi lýst yfir áhyggjum af ákvörðun heilbrigðisyfirvalda um að setja strangari skilyrði fyrir niðurgreiðslu sjúkraþjálfunar.

Reglugerðin, sem vísað er til og sett er af heilbrigðisráðuneytinu, fjallar um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjúkraþjálfara sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). Reglugerðin tekur þannig ekki til þeirra sjúkraþjálfara sem starfa samkvæmt samningum SÍ við heilbrigðisstofnanir en nú starfa nokkrir sjúkraþjálfarar á grundvelli slíks samnings hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE).

Í bréfinu kemur fram að bundnar hafi verið miklar vonir við þann möguleika að fá nýútskrifaða sjúkraþjálfara til starfa í sveitarfélaginu. Mögulegt er að viðkomandi gætu starfað á grundvelli samnings við HVE þó þeir hefðu starfsstöð í sveitarfélaginu.

Sem fyrr segir tekur reglugerðin einungis til þeirra sjúkraþjálfara sem starfa án samnings. Annar möguleiki væri því sá að viðkomandi sjúkraþjálfarar óskuðu eftir samningi við SÍ. SÍ er ljóst að aðstæður kunna að vera þannig á landsbyggðinni að ekki sé hægt að gera sömu kröfur og ella, t.d. hvað varðar starfsreynslu, og verður horft til þess við samningsgerð.

F.h. Sjúkratrygginga Íslands



Ingibjörg Þorsteinsdóttir  
Sviðsstjóri Réttindasviðs